

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1845****2020/EES/16/29****frá 8. ágúst 2019**

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir bis(2-etylhexýl)palat (DEHP) í tilteknum gúmmíhlutum sem eru notaðir í hreyflakerfum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni

(Texti sem varðar EES) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggja að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um þá notkun sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.
- 2) Mismunandi flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Bis(2-etylhexýl)palat (DEHP) er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Hinn 29. júlí 2017 barst framkvæmdastjórninni umsókn í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB um undanþágu, sem skal skrá í III. viðauka við þá tilskipun, vegna notkunar bis(2-etylhexýl)palats í gúmmíhluti eins og O-laga hringþétti, innsigli, titringsdeyfa, þétti, slöngur, kraga og lokatappa sem eru notaðir í hreyflakerfum, þ.m.t. útblástursrör og hverfilþjoppur sem eru hönnuð til notkunar í búnað sem er ekki eingöngu hannaður til notkunar neytenda (hér á eftir nefnd undanþágan sem óskað er eftir).
- 4) Mat á undanþágunni sem óskað var eftir fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 5) Bis(2-etylhexýl)palat er bætt í gúmmíefni sem mýkiefni til að veita sveigjanleika. Gúmmíhlutirnir eru notaðir sem sveigjanleg tengi milli hluta í hreyflakerfum og koma í veg fyrir leka, þetta hreyfilhluta og veita vörn gegn titringi eða óhreinindum og vökva á endingartíma hreyfilsins.
- 6) Sem stendur eru engir bis(2-etylhexýl)palatlausir staðgöngukostir fáanlegir á markaðnum sem væru nægilega áreiðanlegir til notkunar í hreyfla þar sem krafist er langs endingartíma og sértækra eiginleika eins og þols gegn snertiefnum (t.d. eldsneyti, smurolú, kælivökva, lofttegundum eða óhreinindum), hita og titringi.
- 7) Vegna skorts á áreiðanlegum staðgöngukostum er vísindalega og tæknilega enn ekki mögulegt að skipta út bis(2-etylhexýl)palati eða taka það út að því er varðar tiltekna gúmmíhluti sem notaðir eru í hreyflakerfum. Undanþágan sem óskað er eftir er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽²⁾ og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.
- 8) Því er viðeigandi að veita undanþáguna sem óskað er eftir með því að færa notkunina sem fellur undir hana á skrá í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB að því er varðar raf- og rafeindabúnað í 11. flokki í I. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. ESB L 283, 5.11.2019, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stj. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

- 9) Veita ætti undanþáguna í hámarksgildistíma sem nemur 5 árum frá og með 22. júlí 2019 í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 10) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. maí 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. ágúst 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla 43 bætist við í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„43	<p>Bis(2-etylhexyl)palat í gúmmíhlutum í hreyflakerfum sem eru hönnuð til notkunar í búnað sem er ekki eingöngu ætlaður til notkunar neytenda og að því tilskildu að engin mykt efni komist í snertingu við slímhúð manna eða í langvarandi snertingu við húð manna og að styrkur bis(2-etylhexyl)palats fari ekki yfir:</p> <p>a) 30% miðað við þyngd gúmmísisins fyrir</p> <ul style="list-style-type: none">i. þekjuefni í þéttum,ii. gegnheil gúmmíþétti eðaiii. gúmmíhluti í samsetningum af a.m.k. þremur íhlutum sem eru rafknúnir, vélknúnir eða vökvaknúnir og festir við hreyfilinn. <p>b) 10% miðað við þyngd gúmmísisins fyrir íhluti sem innihalda gúmmí sem ekki er getið í a-lið.</p> <p>Að því er varðar þessa færslu er „langvarandi snerting við húð manna“ samfelld snerting sem stendur lengur en í 10 mínútur eða ósamfelld snerting á 30 mínútna tímabili á dag.</p>	Gildir um 11. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2024.“
-----	--	--